

## 58. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar miðvikudagdaginn 19. nóvember 2008, kl. 17:00.

Formaður bæjarráðs, Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

---

### Dagskrá:

1. Fundargerðir:
    - a) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 31. október 2008
    - b) Stjórnar SSNV frá 4. nóvember 2008
    - c) Menningarráðs Norðurlands vestra frá 14. október 2008
    - d) Menningarráðs Norðurlands vestra frá 28. október 2008
  2. Erindi frá Farskólanum dags. 10. nóvember 2008
  3. Erindi frá Fjölmeningarsetri á Vestfjörðum ódags.
  4. Bréf frá Óbyggðanefnd dags. 28. október 2008
  5. Bréf frá Ungmennafélagi Íslands frá 29. október 2008
  6. Bréf frá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands frá 14. nóvember 2008
  7. Bréf frá Kvennaathvarfinu október 2008
  8. Bréf frá Samgönguráðuneytinu dags. 5. og 6. nóvember 2008
  9. Bréf frá Menningarráði Norðurlands vestra dags. 31. október 2008
  10. Erindi frá Karlakór Bólstaðarhlíðarhrepps dags. 25. október 2008
  11. Trúnaðarmál
  12. Skólamáltíðir
  13. Húsnæðismál
  14. Snjómokstur
  15. Önnur mál
- 

### Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:
  - a) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 31. október 2008  
*Lögð fram til kynningar*
  - b) Stjórnar SSNV frá 4. nóvember 2008  
*Lögð fram til kynningar*
  - c) Menningarráðs Norðurlands vestra frá 14. október 2008  
*Lögð fram til kynningar*
  - d) Menningarráðs Norðurlands vestra frá 28. október 2008  
*Lögð fram til kynningar*
2. Erindi frá Farskólanum dags. 10. nóvember 2008  
*Endurskoðun skipulagsskrár Farskólans – miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra stendur yfir. Í tilefni af því og í ljósi þess að búið er að leggja niður Héraðsnefnd Austur Húnavetninga var ákveðið á stjórnarfundum Farskólans 10. september 2008 að leita til þeirra sveitarfélaga sem áður voru aðilar að Farskólanum í gegnum Héraðsnefndina um áframhaldandi aðild að Farskólanum í eigin nafni. Farskólinn fer því þess á leit að Blönduóssbær verði aðili að Farskólanum.*  
  
*Bæjarráð samþykkir aðilda að Farskóla Norðurlandi vestra og vísar erindinu til fjárhagsáætlunargerðar 2009.*
3. Erindi frá Fjölmeningarsetri á Vestfjörðum ódags.  
*Fjölmeningarsetrið leitar eftir samstarfi sveitarfélagsins í upplýsingamiðlun til nýrra íbúa í sveitarfélögum.*

*Bæjarstjóra falið að bregðast við erindinu og tilnefna tengilið.*

**4. Bréf frá Óbyggðanefnd dags. 28. október 2008**

*Tilkynnt að óbyggðanefnd hefur ritað fjármálaráðherra bréf og veitt Íslenska ríkinu frest til lýsa kröfum um þjóðlendingur á svokölluðu svæði 7 norður. Fresturinn rennur út 31. janúar 2009.*

**5. Bréf frá Ungmennafélagi Íslands frá 29. október 2008**

*Á 36. sambandsráðsfundi Ungmennafélags Íslands var eftirfarandi tillaga samþykkt af fulltrúum fundarins: „ 36. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn á Hótel Stykkishólmi 11. október 2008, hvetur sveitarstjórnir til þess að standa vörð um íþrótt- og æskulýðsstarf í landinu nú á viðsjárverðum tímum. Starf sambandsaðila UMFÍ er ein af grunnstoðum hvers samfélags og nú sem aldrei fyrr þurfa sveitarstjórnir að koma með myndarlegum hætti að rekstri þeirra til að tryggja hið mikilvæga starf sem unnið er innan þeirra raða.“*

**6. Bréf frá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands frá 14. nóvember 2008**

*Í bréfinu kemur fram að stjórn Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands hefur ályktað um að leggja beri áherslu á að treysta stoðir barna- og unglíngastarfs í þeim efnahagsþrengingum sem nú blasa við.*

**7. Bréf frá Kvænnaathvarfinu október 2008**

*Óskað er eftir rekstrarstyrk fyrir árið 2009 kr. 200.000,-*

*Bæjarráð hafnar erindinu.*

**8. Bréf frá Samgönguráðuneytinu dags. 5. og 6. nóvember 2008**

*Samgönguráðherra hefur samþykkt tillögu ráðgjafarnefndar frá 17. október sl. um áætlun um úthlutun tekjujöfnunarframlags til sveitarfélaga sem og aukaframlags á árinu 2008.*

**9. Bréf frá Menningarráði Norðurlands vestra dags. 31. október 2008**

*Menningarráðið æskir þess að sveitarfélögin taki tillit til í fjárhagsáætlunargerð sinni framlag sveitarfélagsins til menningarsamningsins.*

*Bæjarráð vísar erindinu til fjárhagsáætlunargerðar 2009.*

**10. Erindi frá Karlakór Bólstaðarhlíðarhrepps dags. 25. október 2008**

*Karlakórinn fer fram á fjárhagsstuðning við þau verkefni sem framundan eru.*

*Bæjarráð tekur jákvætt undir erindið og vísar því til fjárhagsáætlunargerðar 2009.*

**11. Trúnaðarmál**

*Fært í trúnaðarbók*

**12. Skólamáltíðir**

*Bæjarstjóri lagði fram drög að útboðsgögnum fyrir skólamáltíðir.*

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að auglýsa eftir tilboðum í skólamáltíðir á grundvelli þeirra gagna sem fylgja.*

**13. Húsnæðismál**

*Málinu frestað og bæjarstjóra falið að skoða málið.*

**14. Snjómokstur**

*Bæjarstjóri lagði fram drög að samningi um snjómokstur.*

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að undirrita samninginn sem skal gilda út maí 2009. Snjómokstur skal boðinn út þegar samningurinn hefur runnið út.*

## 15. Önnur mál

*Bæjarráð ræddi um framkvæmdir í Brautarhvamminum. Bæjarstjóra falið að vinna frekar að málinu.*

*Formaður bæjarráðs fór yfir vinnu við fjárhagsáætlungerðar 2009. Stefnt er að því að halda tvo vinnufundi í næstu viku, mánudaginn 24. nóvember og 27. nóvember.*

*Bæjarstjóri leggur fram drög að samningi milli Náttúrufræðistofnunar Íslands og Hafíssetursins á Blönduósi um varðveislu á uppstoppuðum hvítabirni.*

*Bæjarráð fagnar því að birnan skuli vera komin á heimaslóðir. Stefnt því að birnan verði almenningi til sýnis sem fyrst.*

*Bæjarstjóra falið að undirrita samninginn*

*Fundargerð upplesin og samþykkt.*

*Fundi slitið 18:45*

*Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson(sign.)  
Valgarður Hilmarsson(sign.)  
Kári Kárason(sign.)*

*Áheyrnarfulltrúi:  
Valdimar Guðmannsson(sign.)*

*Arnar Þór Sævarsson(sign.)*